

KENNARARÁÐ

Annar fundur ráðsins var fjarfundur á Teams. Formaður, starfsmaður og þrír aðrir fulltrúar voru í húsnæði Menntamálastofnunar. Fundurinn var haldinn miðvikudaginn 16. september 2020 kl. 10:00-12:00.

Fundarmenn:

Boðaðir voru allir aðalfulltrúar ráðsins. Guðmundur Engilbertsson boðaði forföll og í hans stað mætti varamaður hans, Kristín Dýrfjörð.

Mætt:

Birgir Urbancic Ásgeirsson formaður sem stýrði fundinum, Sonja Dögg Pálsdóttir, Kristín Dýrfjörð, Guðbjörg Aðalbergisdóttir, Karl Frímannsson, Ingimar Ólafsson Waage, Guðný Ásta Snorradóttir, Freyja Hreinsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir.

Undir dagskrárlið 3 sat Björg Pétursdóttir fundinn. Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður Menntamálastofnunar ritaði fundargerð.

Dagskrá og fundargerð

1. Fundargerð og hagnýt atriði

Fundargerð fyrsta fundar Kennararáðs frá 24. júní 2020 lögð fram til umræðu og samþykktar. Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðina. Fundargerð var samþykkt eins og hún var lögð fyrir fundarmenn.

Formaður upplýsti um að vara- og aðalmenn hefðu fengið aðgang að Teams-svæði kennararáðs og þar væru geymd vinnugögn ráðsins. Einnig fá meðlimir kennararáð aðgang að skjalavistunarkerfi Menntamálastofnunar þar sem endanleg gögn ráðsins verða vistuð.

2. Kennararáð í öðrum löndum. Kynning frá Önnu Maríu Gunnarsdóttur, varaformanns KÍ

Anna María kynnti samantekt sem hún hefur gert á starfi kennararáða í Skotlandi og Ástralíu ásamt því að segja stuttlega frá „vegabréfi“ kennara í Wales. Í umræðum ráðsins kom fram hvatning til að það nýti sér reynslu annarra landa og hún verði aðlöguð aðstæðum hér á landi. Rætt um gagnabanka sem til eru t.d. í Wales sem inniheldur gögn kennara um menntun þeirra og hæfni.

3. Niðurstöður forhóps kennararáðs. Kynning frá Björgu Pétursdóttur, mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Björg fór yfir vinnu forhóps kennararáðs varðandi hæfniramma vegna ráðningu kennara. Á eftir kynningu Bjargar urðu umræður um hvernig útgáfa leyfisbréfa hefði gengið fyrir sig eftir gildistöku nýrra laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Samþykkt var að fela starfsmönnum Menntamálastofnunar að taka saman minnisblað um álitamál sem hafa orðið í leyfisbréfaveitingum frá því að nýju löggin tóku gildi.

4. Drög að starfsáætlun kennararáðs

Birgir kynnti drög að starfsáætlun ráðsins sem fylgdi með fundarboðinu ásamt tímalínu sem sýnir áhersluþætti í vinnu ráðsins næstu mánuði. Fundarmenn hrósuðu framsetningu starfsáætlunarinnar og hvöttu til að sem fyrst yrði hafist handa við vinnuna. Rætt var um fyrirkomulag vinnunnar og hvernig skipað yrði í vinnuhópa ráðsins. Rætt var um hvort skipa ætti í vinnuhópum eða hvort meðlimir ráðsins, bæði aðal- og varamenn, færu í hópum eftir áhuga og sérhæfingu. Einnig var rætt um að fá utanaðkomandi sérfræðinga til liðs við vinnuhópum.

Birgir lagði til að fram að næsta fundi myndu vinnuhóparnir *Innihald hæfniramma fyrir almenna og sérhæfða hæfni*, *Innihald hæfniramma fyrir sérhæfða hæfni skólastjórnenda* og *Hæfni kennara í íslensku* hefja vinnu sína. Hann óskaði eftir því að þeir sem hefðu áhuga á að starfa í þeim hópum (á við bæði um aðal- og varamenn) myndu senda honum tölvupóst og að það yrði gert í síðasta lagi mánudaginn 24. ágúst.

Samþykkt var að frekari umræðu og vinnu við þætti 4-8 í drögum að starfsáætlun ráðsins væri frestað.

5. Önnur mál.

Næsti fundur ráðsins verður 16. september 2020 kl. 10-12.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:01.